

Viðbragðsáætlun Leikskólans Krakkaborgar þegar fáliðað er

Fáliðun í leikskólanum telst vera þegar of fáir starfsmenn eru við vinnu miðað við fjölda nemenda hverju sinni í skólanum. Miðað er við að barngildi fari ekki yfir 8 á hvern starfsmann á meðan unnið er eftir skipulagðri dagskrá samkvæmt stundaskrá skólans.

Reynt er að tilkynna foreldrum um skerðingu á dvalartíma með eins löngum fyrirvara og kostur er í gegnum tölvupóst og með áminningu í gegnum Facebook síðu leikskólans.

Áður en gripið er til skerðingar á dvalartíma skoða leikskólastjóri og deildarstjórar samsetningu hópsins og fara yfir hvernig mögulega mætti hagræða skipulagðri starfsemi.

- Allir starfsmenn deildanna vinna saman og aðstoða við það sem þarf og allir ganga í þau störf sem mikilvægast er að manna.
- Afleysing kölluð inn ef möguleiki er á.
- Leikskólastjóri og aðstoðar- og sérkennslustjóri ganga í þau verk sem mikilvægt er að vinna.
- Þeir sem vinna hlutastörf bæta við sig og fá greitt í yfirvinnu /fritöku.

Ef sú neyðarstaða kemur upp að ekki er möguleiki á að tryggja öryggi allra nemenda er deildum lokað hluta úr degi eða heilan dag. Sömu deild er ekki lokað 2 daga í röð heldur er það rúllandi milli deilda og starfsfólk leikskólans hjálpast að. Til að koma í veg fyrir frekari skerðingu skulu börn leikskólastarfsmanna ekki send heim.

Ef grípa þarf til þessarar áætlunar er það fyrst og fremst gert til að tryggja öryggi nemenda og að leikskólinn geti sinnt kennsluhlutverki sínu samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla 2011 fyrir þá nemendur sem eru í skólanum hverju sinni. Einnig er hlutverk áætlunarinnar að fyrirbyggja aukið álag á starfsmenn leikskóla.

Sara Guðjónsdóttir

Leikskólastjóri Krakkaborgar